

2. Ef maður vísitandi rangfærir atkvæðagreiðslu, annaðhvort á þann hátt að glata atkvæði, breyta atkvæði, skemma eða glata atkvæðasendingu, búa til kjörseðla, er líkjast mjög þeim, sem notaðir eru við kosningu, og hagnýtir þá sjálfur eða lætur þá frá sér, til þess að aðrir geti hagnýtt þá, rugla úrslit talningar atkvæða eða á annan hátt.

137. gr.

Sektir allar samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

Gjört í Reykjavík, 16. október 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

AUGLÝSING

**um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979,
fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.**

Forseti Íslands féllst hinn 1. október 1987 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

Upphafsmálsliður 1. mgr. 115. gr. orðist svo:

Deildin skiptist eftir fræðigreinum í eftirtaldar skorir: Eðlisfræðiskor, efnafræðiskor, jarðfræðiskor, líffræðiskor, stærðfræðiskor og tölvunarfræðiskor.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast gildi 15. september 1988.

Menntamálaráðuneytið, 9. október 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Arni Gunnarsson.